

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Grettisgata 9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 27. ágúst 2014 breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2 vegna Grettisgötu 9 skv. uppdrætti, dagsettum 12. ágúst 2014. Um er að ræða leiðréttingu á uppdrætti vegna leiðréttinga í útreikningi á nýtingarhlutfalli B-rýma.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Steinagerði 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 28. ágúst 2014 breytingu á deiliskipulagi „Teigagerðisreits“ fyrir Steinagerði 6 og felst breytingin í að færa byggingarreit sem heimilar stækkun hússins frá vesturhlið yfir á suðurhlið þess.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 9. september 2014.

Björn Axelsson.